

vikur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefndur. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skulu fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Dorsteinn Briem.*

**L Ö G**

**um sérákvæði um verðtoll.**

83

19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal greiða 10% verðtoll:

Silkivefnaði úr gervisilki, sokkum úr gervisilki, kjólaefni kvenna úr baðmull, tvisttaui og rifti úr baðmull, fóðurvefnaði o. fl. úr baðmull, gluggatjaldaefni úr baðmull og lérefti úr hör og hampi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*